

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, frístundabyggð í landi Norðurkots, Finnheiðarvegur 15 og 15A.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst að legu lóðanna er breytt auk þess sem byggingarreitir eru skilgreindir upp á nýtt. Samhliða er lögð fram hnitsetning lóða í samræmi við mælingu á staðnum.

Samþykkt í sveitarstjórn 29. júní 2023.

Deiliskipulag, Brjánsstaðir – Smámýrarvegur.

Deiliskipulagið tekur til frístundasvæðis að Smámýrarvegi í landi Brjánsstaða, L200776. Deiliskipulagstillagan nær yfir um 18 ha lands. Á svæðinu er gert ráð fyrir 25 lóðum. Auk frístundahúss verði heimilt að hafa aukahús/gestahús á hverri lóð og teljast þær byggingar með í heildarbyggingarmagni lóðar. Hámarksnýtingarhlutfall lóða er 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. apríl 2023.

Deiliskipulagsbreyting, Brjánsstaðir – Smámýrarvegur og Heiðarbraut.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að afmörkun sem nær yfir Smámýrarveg verði felld út úr núgildandi deiliskipulagi svæðisins sem tekur til Smámýrarvegur og Heiðarbrautar.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 1. september 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 15. september 2023